

Dráttur ökutækja.

4. gr.

Ef dráttarbúnaður er taug eða stöng má fjarlægð milli ökutækis sem dregur og ökutækis sem dregið er ekki vera meiri en 5 metrar. Sé bilið meira en 3 metrar skal merkja dráttarbúnað í miðju með rauðri eða gulri veifu.

5. gr.

Pegar ökutæki er dregið af öðru ökutæki með stöng eða öðrum viðurkenndum björgunarbúnaði má ekki aka hraðar en 50 km á klst., en ef dregið er með taug má ekki aka hraðar en 30 km á klst.

6. gr.

Ökutæki má ekki nota til að draga eftirvagn, tengitæki eða annað ökutæki á meiri hraða en ökutækin, hvert um sig, eru hönnuð fyrir.

Á ökutækinu sem er dregið skulu lögboðin ljós vera tendruð. Heimilt er að nota aðeins stöðuljós á bifreið, dráttarvél eða vinnuvél sem er dregin.

7. gr.

Skráð ökutæki sem ekið er í almennri umferð má ekki nota til að draga þyngra ökutæki en það er skráð til að draga. Ökutæki sem ekki er skráningarskylt má við sömu aðstæður ekki nota til að draga þyngra ökutæki en framleiðandi ábyrgist.

Ennfremur gildir:

- a. Bifreið með leyfða heildarþyngd 3500 kg eða minna má ekki nota til að draga eftirvagn, tengitæki eða annað ökutæki sem hefur meiri heildarþyngd en nemur helmingi af eigin þyngd bifreiðarinnar ef ökutækið sem dregið er er ekki búið aksturshemli. Þetta á þó ekki við um viðurkennda björgunarbifreið sem hefur leyfi til að flytja þyngra ökutæki.
- b. Dráttarvél má ekki nota til að draga eftirvagn/eftirvagna eða tengitæki ef minna en 50% af samanlagðri heildarþyngd ökutækjanna hvílir á hjólum með aksturshemla.

Gildistaka.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 62. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, og öðlast gildi 1. desember 1992. Jafnframt falla úr gildi ákvæði A, C og D hluta VII. kafla reglugerðar um gerð og búnað ökutækja o.fl., nr. 51 15. maí 1964.

Til 31. desember 1993 er heimilt að tengja eftirvagn eða tengitæki við tengibúnað bifreiðar þótt bifreiðin sé ekki skráð til að draga ökutæki, enda hafi tengibúnaðurinn verið festur við bifreiðina fyrir gildistöku reglugerðarinnar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. október 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ**um lyfjataknanám.**

1. gr.

Menntamálaráðuneytið starfrækir við framhaldsskóla nám í lyfjatækni á lyfjatækna-braut.

2. gr.

Markmið lyfjatæknabrautar er að sérmennta fólk til starfa við afgreiðslu, sölu og dreifingu lyfja.

3. gr.

Skólameistari framhaldsskólans sem býður fram þetta nám ræður kennslustjóra að höfðu samráði við fagráð (sjá 4. gr.) til allt að þriggja ára í senn og skal hann vera lyfjafræðingur.

Kennslustjóri skal m.a.:

- hafa umsjón með skipulagningu og kennslu á brautinni og mati á námi og kennslu.
- gera áætlanir um rekstur og tækjabúnað og hafa umsjón með því að vel sé farið með efni og búnað og að aðstaða sé vel nýtt.
- leiðbeina kennurum er starfa á brautinni, samhæfa störf þeirra og hlutast til um samstarf þeirra á milli.
- sjá um skráningu upplýsinga um nemendur er innritast á brautina, mat á námi frá öðrum skólum, færslu námsferilsskrá og miðlun slíkra upplýsinga til kennara og fagráðs.
- hafa umsjón með fjarvistarskráningu.
- hafa umsjón með gerð stundaskrár, prófstjórn og úrvinnslu einkunna.
- gera tillögur að námsskrá.
- hafa umsjón með þróunarstarfi á brautinni.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar fagráð við brautina. Í fagráði skulu sitja 5 fulltrúar skipaðir sem hér segir: Einn skipaður af ráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður, einn tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, einn tilnefndur af Apótekarafélagi Íslands, einn tilnefndur af Lyfjatæknifélagi Íslands og einn tilnefndur af nemendum brautarinnar.

Fagráð skal skipað til þriggja ára í senn. Fulltrúi nemenda skal þó kosinn til eins árs. Kennslustjóri hefur áheyrnarrétt og tillögurétt á fundum ráðsins.

Verkefni fagráðs er m.a.:

- fylgjast með þróun lyfjatæknigreinarinnar og gera tillögur um menntun í samræmi við hana.
- veita umsögn um búnað og aðstöðu til kennslu í greininni.
- veita umsögn um tillögur að námskrá.
- gera tillögur að reglum um framkvæmd námssamninga.
- gera tillögur um skipulag kennslueftirlits.
- gera tillögu til skólameistara um ráðningu kennslustjóra.
- gera tillögur um endurmenntun lyfjatækna.

5. gr.

Nemendur sem lokið hafa aðfaranámi fyrir lyfjatæknabraut eða sambærilegu námi að mati skólans eiga rétt á að hefja nám á brautinni. Um innritun gilda að öðru leyti almennar reglur framhaldsskólans nema sakavottorð skal fylgja umsókn.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 15. gr. laga um lyfjadreifingu, 21. maí 1982 með síðari breytingum og 2. gr. laga um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta nr. 24, 28. maí 1985. Reglugerðin tekur þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 27. október 1992.

Ólafur G. Einarsson.

Sólrun Jensdóttir.